

Skjal með lykilupplýsingum

Tilgangur: Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingaráfurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og bera hana saman við aðrar afurðir.

Janus Henderson
INVESTORS

Afurð

Janus Henderson Global Equity Fund I2 USD ISIN: LU0330915322

Undirsjóður Janus Henderson Fund, hlutafélags með breytilegt hlutafé (SICAV) í Lúxemborg sem framleitt er af Janus Henderson Investors Europe S.A., dótturfyrirtæki Janus Henderson Group plc. Sjóðurinn er skráður í Lúxemborg og er undir eftirliti fjármálaeftirlitsins þar (Commission de Surveillance du Secteur Financier, CSSF). Sjóðsstjórinn er með starfsleyfi í Lúxemborg og lýtur eftirliti CSSF og er með réttindi til að veita þjónustu yfir landamæri samkvæmt UCITS-tilskipuninni til þess að stjórna sjóðnum yfir landamæri og til að markaðssetja sjóðinn innan Evrópusambandsins. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á www.janushenderson.com eða með því að hringja í +352 26 19 21 24. Þetta skjal er dagsett 1. janúar 2023.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Janus Henderson Global Equity Fund er undirsjóður Janus Henderson Fund, opins fjárfestingafélags sem stofnað er samkvæmt lögum Stórhertogadæmisins Lúxemborg. Janus Henderson Fund uppfyllir skilyrði sem fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS).

Líftími

Þessi fjárfesting hefur engan gjalddaga. Framleiðandinn hefur rétt til að segja vörunni upp í örfáum kringumstæðum eins og kemur fram í útboðslýsingunni.

Markmið

Markmiðið er að ávaxta eignir sjóðsins til langs tíma litið. Árangursmarkmið: Að ná betri árangri en vísitanan MSCI All Countries World Index sem nemur 2,5% á ári, fyrir frádrátt gjalda, á hvaða 5 ára tímabili sem er. Sjóðurinn fjárfestir a.m.k. two þriðju af eignum sínum í samþjöppuðu hlutabréfasafni (hlutabréfum) og hlutabréfatengdum verðbréfum fyrirtækja, í hvaða starfsgrein sem er, í hvaða landi sem er. Sjóðurinn kann einnig að fjárfesta í öðrum eignum, þar á meðal reiðufé og peningamarkaðsgerningum. Fjárfestingastjórinn kann að nota afleiður (flókna fjármálagerninga) til að draga úr áhættu eða til hagræðingar í rekstri sjóðsins. Sjóðnum er stjórnað með virkum hætti

með tilliti til vísítölunnar MSCI All Countries World Index, sem er nokkrum veginn dæmigerð fyrir þau fyrirtæki sem hann kann að fjárfesta í, þar sem hún er grundvöllur árangursmarkmiðs sjóðsins. Fjárfestingastjórinn hefur heimild til að velja fjárfestingar fyrir sjóðinn sem hafa annað vægi en í vísítölunni eða eru ekki hluti af vísítölunni, en stundum kann sjóðurinn að innihalda fjárfestingar sem eru svipaðar vísítölunni. Í þessum hlutdeildarflokki er tekjum af fjárfestingum sjóðsins safnað saman og haldið inni í verði hlutdeildarflokksins. Þú getur keypt, selt eða skipt hlutdeildarskírteinum í sjóðnum á hvaða viðskiptadegi sem er, eins og skilgreint er í útboðslýsingu fyrirtækisins. Vörsluaðili sjóðsins er BNP Paribas Securities Services, útibú í Lúxemborg.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Fjárfestar sem skilja áhættu sjóðsins, leitast eftir langtímaávöxtun með fjárfestingu sem beinist að nýsköpunarfyrirtækjum um allan heim, og hyggjast fjárfesta til minnst fimm ára. Sjóðnum er ætlað að vera aðeins einn þáttur af nokkrum í dreifðu fjárfestingasafni og er ekki ætlaður fyrir fjárfesta sem geta ekki samþykkt meira en lágmarkstap á fjárfestingu sinni.

Hver er áhættan og hver er mögulegur ávinningur?

Áhættuvísir

Minni áhætta 1 2 3 4 5 6 7 Meiri áhætta

Áhættuvísirinn gerir ráð fyrir að þú eigrir vöruna í 5 ár.

Rauveruleg áhætta getur verið mjög breytileg ef þú færð greitt út snemma og þú gætir fengið minna til baka.

Samantekinn áhættuvísir er leiðarvísir um hve mikil áhætta fylgir þessari vöru í samanburði við aðrar. Hann sýnir hve líklegt er að varan muni tapa fé vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að við getum ekki greitt þér.

Afurð þessi mælist í áhættuvísí 4 af 7, þ.e.a.s. sem áhættuvísir í meðallagi.

Þetta metur mögulegt tap af framtíðarafkomu sem miðlungsmikið og slæmar markaðsaðstæður gætu haft áhrif á getu vörsluaðila til að greiða þér.

Ef gjaldmiðill vörunnar er annar en þinn gjaldmiðill á eftirfarandi við: Verið meðvituð um gjaldmiðlaáhættu. Þú færð greiðslur í öðrum gjaldmiðli, svo það sem þú færð að lokum veltur á skiptigengi gjaldmiðlanna tveggja. Þessi áhætta er ekki tekin til greina í vísinum sem sýndur er hér að ofan.

Þessi vara felur ekki í sér neinar varnir gegn markaðsafkomu í framtíðinni svo þú gætir tapað hluta af eða allri fjárfestingu þinni.

Ef við getum ekki greitt þér það sem þú átt inni gætirðu tapað allri fjárfestingunni.

Upplýsingar um alla viðeigandi áhættu er að finna í útboðslýsingu sjóðsins á www.janushenderson.com.

Árangurssviðsmyndir

Það sem þú færð út úr þessari vöru fer eftir markaðsafkomu í framtíðinni. Markaðspróun í framtíðinni er óviss og ekki er hægt að spá nákvæmlega fyrir um hana.

Óhagstæðu, miðlungs og hagstæðu sviðsmyndirnar sem eru sýndar eru skýringarmyndir sem nota verstu afkomu, meðaltalsafkomu og bestu afkomu vörunnar og viðeigandi viðmið undanfarin 10 ár. Próun á mörkuðum gæti verið allt önnur í framtíðinni.

Ráðlagður fjárfestingartími: 5 ár

Dæmi um fjárfestingu: 10.000.- USD

Sviðsmyndir		Ef hætt er eftir 1 ár	Ef hætt er eftir 5 ár
Lágmark	Lágmarksávöxtun er ekki tryggð, þú getur tapað hluta eða allri fjárfestingu þinni.		
Álagssviðsmynd	Það sem þú gætir fengið greitt að frádregnum kostnaði Meðalávöxtun á hverju ári	1.500 USD -84,99%	1.500 USD -31,56%
Óhagstæð sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið greitt að frádregnum kostnaði Meðalávöxtun á hverju ári	7.350 USD -26,53%	6.790 USD -6,97%
Hófleg sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið greitt að frádregnum kostnaði Meðalávöxtun á hverju ári	11.340 USD 13,43%	18.130 USD 12,64%
Hagstæð sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið greitt að frádregnum kostnaði Meðalávöxtun á hverju ári	14.980 USD 49,85%	22.690 USD 17,80%

Taflan hér að ofan sýnir allan kostnað við vöruna sjálfa en innihalda mögulega ekki allan kostnað sem þú greiðir ráðgjafa þínunum eða söluaðila.

Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattstöðu þinnar, sem kann einnig að hafa áhrif á hve mikið þú færð til baka.

Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við mjög slæmar markaðsaðstæður.

Óhagstæða sviðsmyndin átti sér stað fyrir fjárfestingu í viðmiðinu milli ágúst 2021 og september 2022.

Hóflega sviðsmyndin átti sér stað fyrir fjárfestingu í viðmiðinu milli mars 2017 og mars 2022.

Hagstæða sviðsmyndin átti sér stað fyrir fjárfestingu í viðmiðinu milli desember 2016 og desember 2021.

Hvað gerist ef Janus Henderson Investors USDope S.A getur ekki greitt út?

Þú gætir orðið fyrir fjárhagslegu tapi ef framleiðandinn eða vörsluaðilinn, BNP Paribas Securities Services, útibú í Lúxemborg, getur ekki staðið við skuldbindingar sínar. Það eru engar bætur eða ábyrgðarkerfi til staðar sem gætu bætt allt tap eða einhvern hluta þess.

Hver er kostnaðurinn?

Einstaklingurinn sem ráðleggur þér um eða selur þér þessa vöru getur rukkað þig um annan kostnað. Ef svo er veitir sá aðili þér upplýsingar um þann kostnað og hvernig hann hefur áhrif á fjárfestinguna þína.

Kostnaður yfir tímabil

Töflurnar sýna þær upphæðir sem eru teknar úr fjárfestingu þinni til að mæta mismunandi kostnaði. Þessar upphæðir velta á því hversu mikið þú fjárfestir og hversu lengi þú heldur í vöruna. Upphæðirnar sem eru sýndar hér eru skýringarmyndir sem byggjast á dæmi um fjárfestingarupphæð og mismunandi mögulegum fjárfestingatímabilum.

Við gerum ráð fyrir:

- Á fyrsta árinu myndir þú fá til baka þá upphæð sem þú fjárfestir fyrir (0% árlegur hagnaður). Fyrir önnur eignartímabil reiknum við með að varan standi sig eins og sýnt er í hóflegu sviðsmyndinni.

- Fjárfest er fyrir 10.000 USD.

	Ef hætt er eftir 1 ár	Ef hætt er eftir 5 ár
Heildarkostnaður	115 USD	1.071 USD
Árleg kostnaðaráhrif (*)	1,2%	1,3% á hverju ári

(*) Þetta sýnir hvernig kostnaður dregur úr hagnaði þínunum á hverju ári yfir eignartímabilið. Til dæmis sýnir það að ef þú hættir á því eignartímabili sem mælt er með þá er áætlaður meðalhagnaður á ári 13,9% fyrir kostnað og 12,6% eftir kostnað.

Við kunnum að deila hluta kostnaðarins með einstaklingnum sem selur þér vöruna til mæta þeiri þjónustu sem hann veitir þér. Hann upplýsir þig um upphæðina.

Samsetning kostnaðar

Einskiptiskostnaður við skráningu eða innlausn	Ef hætt er eftir 1 ár	
Skráningarkostnaður	0,00% er hámarksupphæðin sem þú greiðir þegar þú gerir þessa fjárfestingu og þú gætir borgað minna. Ef þú fjárfestir í gegnum þriðja aðila mun einstaklingurinn sem er að selja þér vöruna upplýsa þig um raungreiðsluna.	0 USD
Innlausnarkostnaður	Við rukkum ekki innlausnarkostnað fyrir þennan sjóð en einstaklingurinn sem er að selja þér vöruna gæti gert það.	0 USD
Viðvarandi kostnaður [innheimtur árlega]		
Umsýslugjöld og annar stjórnunar-eða rekstrarkostnaður	1,08% er áætlaður kostnaður við umsýslu, stjórnun og rekstur sjóðsins.	108 USD
Viðskiptakostnaður	0,07% er áætlaður kostnaður sem til fellur þegar við kaupum og seljum undirliggjandi fjárfestingar fyrir sjóðinn. Raunveruleg upphæð verður mismunandi eftir því hve mikilv við kaupum og seljum.	7 USD
Tilfallandi kostnaður við sérstakar aðstæður		
Árangurstengd þóknun	Við rukkum ekki árangurstengda þóknun fyrir þennan sjóð.	0 USD

Hve lengi ætti ég að halda fjárfestingunni og get ég tekið út peninga fyrr?

Ráðlagður fjárfestingartími er 5 ár

Líta ætti á þennan sjóð sem fjárfestingu til meðallangs eða langs tíma. Það þýðir 5 ár eða meira. Áhætta sjóðsins getur verið breytileg ef þú færð greitt út snemma. Gjöld kunna að eiga við um innlausn áður en tíma sjóðsins er lokið. Sjá upplýsingar um viðeigandi gjöld í töflunni „Samsetning kostnaðar“. Þú getur selt hlutdeildarskírteini í sjóðnum á hvaða viðskiptadegi sem er, eins og skilgreint er í útboðslýsingu fyrirtækisins, með því að nota eina af aðferðunum sem lýst er í útboðslýsingunni.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Ef þú vilt leggja fram kvörtun geturðu gert það með tölvupósti eða posti. Netfang: JHIESAComplaints@janushenderson.com. Póstfang: Janus Henderson Investors USDope S.A., Attn: Complaints handling officer, 2, rue de Bitbourg, L-1273 Luxembourg. Reglur um meðferð kvartana er að finna á vefsíðunni www.janushenderson.com.

Aðrar viðeigandi upplýsingar

Til að nálgast útboðslýsingu eða árs- og árshlutaskýrslur sjóðsins, sem eru gefnar út og gerðar fjárfestum aðgengilegar lögum samkvæmt, eða sjá síðasta útgefna verðið á hlutdeildarskírteinum í sjóðnum eða fá frekari upplýsingar um sjóðinn getur þú farið á www.janushenderson.com.

Skjölín eru ókeypis og fáanleg á ensku og tilteknun öðrum tungumálum. Einnig má hafa samband við skráða skrifstofu sjóðsins við 2 Rue de Bitbourg, L-1273 Lúxemborg eða næstu umboðsskrifstofu. Fyrri árangurssviðsmyndir og gögn um 7 ára tímabil fyrri afkomu er hægt að finna á vefsíðinu okkar á www.janushenderson.com.